



## FJÖLMIÐLANEFND

2. mars 2022

**Ákvörðun nr. 2/2022**

### **Beiðni Ómars R. Valdimarssonar um andsvar á grundvelli 36. gr. laga um fjölmiðla vegna umfjöllunar um hann á vef Mannlífs 18. febrúar 2022**

#### **I. Málsatvik**

Fjölmiðlanefnd barst kvörtun þann 23. febrúar 2022 frá Lögmannsstofunni Valdimarsson fyrir hönd umbjóðanda hennar, Ómars R. Valdimarssonar (hér eftir kvartandi), sem einnig er eigandi lögmannsstofunnar. Í kvörtuninni var krafist íhlutunar Fjölmiðlanefndar á hendur félaginu Sólartúni ehf. (hér eftir Sólartún) og Reyni Traustasyni vegna synjunar um andsvör við umfjöllun fjölmiðilsins Mannlífs um kvartanda sem birtist á miðlinum þann 18. febrúar 2022. Sólartún er fjölmiðlaveita Mannlífs og er í 75% eigu félagsins Góðs punkts ehf. sem er í 100% eigu Reynis Traustasonar. Reynir er jafnframt ritstjóri Mannlífs. Í kvörtuninni var vísað til 36. gr. laga um fjölmiðla nr. 38/2011 (hér eftir lög um fjölmiðla) um rétt til andsvara.

Í kvörtuninni kom fram að undanfarna mánuði hafi kvartandi og annar lögmaður Lögmannsstofunnar Valdimarsson sinnt störfum fyrir annan umbjóðanda stofunnar vegna umfjöllunar Mannlífs um hann. Hafi sú umfjöllun verið kærð til nokkurra yfirvalda og nefnda. Að mati kvartanda virtist sem ritstjóri Mannlífs beindi nú spjótum sínum að lögmönnunum sjálfum með umfjöllun um annan þeirra á fjölmiðlinum. Var vísað til eftirfarandi umfjöllunar sem birtist á vef Mannlífs þann 18. febrúar 2022 undir fyrirsögninni „Ómar vændur um skattsvik“ í flokknum „Orðrómur“:

„Margrét Friðriksdóttir, ritstjóri [frettin.is](http://frettin.is), lætur engan eiga neitt inni hjá sér. Ómar Valdimarsson, lögfræðingur athafnamannsins Róberts Wessman, uppnefndi Margréti á þræði á Facebook og kallaði hana Möggu klikk. Þegar einhver benti honum á ruddaskapinn þóttist hann hafa ætlað að skrifa Magga Frikk. Margrét blandaði sér í umræðuna og lét hann hafa það óþvegið og benti á að



## FJÖLMIÐLANEFND

Þetta væru meiðyrði. Hún fullyrti svo að Ómar léti skjólstæðinga sína greiða undir borðið til að sleppa við skatt. Áréttá skal að ekki eru sannanir komnar fram um það atriði. Ómar svaraði áburðinum um skattsvikin engu, en hótaði að stefna öðrum netverja, sem birti af honum mynd í skikkju, en stóð ekki við þá hótun sína. Ómar er opinberlega með hreinan skjöld fyrir utan það að hann hefur fengið ákúror síðanefndar lögmanna fyrir að ofrukka veikan skjólstæðing sinn ...“

Að mati kvartanda hafi fyrrgreind umfjöllun þjónað þeim eina tilgangi að sverta mannorð hans. Umfjöllunin væri bæði röng og óvönduð og ekki væri gætt að hlutleysi eða heimildum. Hafi kvartandi óskað eftir leiðréttingu og reynt að koma á framfæri andsvörum en án árangurs. Í kvörtuninni var gerð nánari grein fyrir því hvaða andsvörum kvartandi vildi koma á framfæri vegna umfjöllunar Mannlífs:

„1.1. Í greininni er haldið fram að umbj. minn hafi stundað skattsvik með því að þiggja greiðslur sem hann gæfi ekki upp til skatts sbr. eftirfarandi:

„Ómar léti skjólstæðinga sína greiða undir borðið til að sleppa við skatt.“

Andsvar: Hið rétt er að umbj. minn hefur aldrei krafist, hvað þá móttakið greiðslur skjólstæðinga sína, fram hjá innheimtukerfi lögmansstofunnar. Í „fréttinni“ er þó tekið fram að ekki séu komnar fram sannanir um það sem umbj. mínum er brigsalað um, en engu að síður telur kærði rétt að halda þessu fram, án þess að tryggja að farið sé með rétt mál eða gefa umbj. mínum færi á að svara dylgjunum.

1.2. Í greininni er einnig haldið fram að umbj. minn hafi hótað að stefna netverja en hafi ekki staðið við hótun sína sbr. eftirfarandi:

„en hótaði að stefna öðrum netverja, sem birti af honum mynd í skikkju, en stóð ekki við þá hótun sína.“

Andsvar: Hið rétta er að umbj. minn sendi netverja kröfubréf um að fjarlægja tiltekna færslu á Facebook, þar sem notast var við mynd í eigu umbj. míns í hans óþökk. Samhliða kröfubréfi var send beiðni á Facebook um að fjarlægja færsluna, sem varð við beiðni umbj. míns. Eftir stóð að netverjinn var krafinn um kr. 100 í skaðabætur vegna notkunar á myndinni og skyldi hann greiða fjármunina til Solaris hjálparsamtaka fyrir hælisleitendur. Greiðslan var inn af hendi af Fréttinni ehf., sem stýrt er af Margréti Friðriksdóttur (fskj. 3). Með greiðslunni féll krafa umbj. míns niður, í samræmi við kröfubréf þar um.

1.3. Þá er ennfremur haldið fram í „fréttinni“ að umbj. minn hafi fengið ákúror síðanefndar lögmanna fyrir að ofrukka skjólstæðing sinn sbr. eftirfarandi:



## FJÖLMIÐLANEFND

*„Ómar er opinberlega með hreinan skjöld fyrir utan það að hann hefur fengið ákúrrur síðanefndar lögmanna fyrir að ofrukka veikan skjólstæðing sinn ...“*

Andsvar: Hið rétta er að ágreiningur var á milli umbj. míns og einstaklings sem hann starfaði fyrir, í lögræðismáli, um þóknun að málinu loknu. Leitaði umbj. minn ásjár framkvæmdastjóra Lögmannafélags Íslands um hvernig honum bæri að afgreiða málið. Að fenginni ráðgjöf frá framkvæmdastjóra LMFÍ gaf umbj. minn út reikning, sem skotið var til úrskurðarnefndar lögmanna (fskj. 4). Þrátt fyrir ráðgjöf framkvæmdastjóra LMFÍ var það niðurstaða nefndarinnar að umbj. mínum hefði ekki verið heimilt að rukka skjólstæðinginn sem hann starfaði fyrir, um þá fjármuni sem krafist var. Var umbj. mínum því gert að fella umræddan reikning niður og sætti hann áminningu vegna málsins.

Umfjöllun kærða um málið felur í sér mikla einföldun á máli sem á engan hátt var klippt og skorið. Með umfjölluninni er dregin upp sú mynd að umbj. minn hafi „ofrukkað veikan skjólstæðing sinn“ þegar umrætt mál snérist fyrst og síðast um það, hvort stofnast hefði kröfuréttarsamband á milli umbj. míns og þess skjólstæðings sem hann starfaði fyrir. Kærði hefði með einföldum hætti getað aflað sér upplýsinga vegna þessa, annað hvort hjá umbj. mínum eða úrskurðarnefnd lögmanna, en kaus að gera það ekki.“

Að mati kvartanda hafi ritstjóri Mannlífs með umfjölluninni ekki vandað upplýsingaöflun, sakað sig um hegningarlagabrot og farið frjállega með staðreyndir. Hafi kvartandi hafnað fyrrgreindri umfjöllun sem efnislega rangri í tölvupósti til lögmanns ritstjóra Mannlífs. Að lokum var áréttað í kvörtuninni að beiðni um andsvar eða leiðréttingu hafi ekki verið svarað og að óskað væri eftir því að Fjölmiðlanefnd hlutaðist til í málinu og tryggði rétt kvartanda til andsvara í samræmi við 4. mgr. 36. gr. laga um fjölmiðla. Með kvörtuninni fylgdi skjáskot af fyrrgreindri umfjöllun Mannlífs, skjáskot af tölvupóstsamskiptum lögmanns kvartanda við lögmann ritstjóra Mannlífs, skjáskot af frétt á Fréttin.is um kvartanda og skjáskot af tölvupóstsamskiptum kvartanda og framkvæmdastjóra LMFÍ.

## II. Réttur til andsvara

Í 36. gr. laga um fjölmiðla er fjallað um réttinn til andsvara. Þar segir í 1. mgr. að aðili sem telur að lögmætir hagsmunir sínir, einkum æra eða orðspor, hafi beðið tjón af því að rangt hafi verið farið með staðreyndir í fjölmiðli hafi rétt til andsvara í viðkomandi miðli eða til annarra jafngildra úrræða. Andsvör skuli birt eða þeim miðlað þegar eftir að rök hafa verið færð fyrir beiðni þar um og sé fjölmiðli óheimilt að óska eftir greiðslu fyrir birtingu eða miðlun þeirra.



## FJÖLMIÐLANEFND

Samkvæmt 2. mgr. 36. gr. getur fjölmiðlaveita synjað beiðni um andsvar við eftirfarandi aðstæður:

- a) andsvar fer yfir þau mörk í tíma eða lengd sem talin eru nauðsynlegt til að leiðrétta staðreyndir málsins.
- b) í andsvarinu felst annað og/eða meira en að leiðrétta staðreyndir sem fram hafa komið hjá fjölmiðlaveitunni.
- c) andsvarið felur í sér efni sem brýtur í bága við almenn hegningarlög og er til þess fallið að gera fjölmiðlaveituna skaðabótaskylda eða er andstætt almennu siðferði.
- d) andsvarið brýtur gegn lögvörðum hagsmunum þriðja aðila.
- e) aðili getur ekki sýnt fram á að hann eigi einstaklingsbundinna, lögvarinna hagsmuna að gæta.
- f) upplýsingarnar sem fjölmiðlaveitan miðlaði eru beinar tilvitnanir í gögn sem stafa frá stjórnvöldum eða dómstólum.

Í ákvæði 36. gr. kemur jafnframt fram að synji fjölmiðlaveita beiðni um andsvar eða bregðist ekki við beiðni aðila innan þriggja sólarhringa geti hlutaðeigandi beint erindi þar að lútandi til Fjölmiðlanefndar sem taki ákvörðun um hvort aðili eigi rétt á að koma andsvörum á framfæri. Ákvörðun skuli tekin innan viku frá því Fjölmiðlanefnd berst erindi þar um og skuli nefndin leggja fyrir viðkomandi fjölmiðlaveitu að miðla andsvari án tafar þegar við á.

Réttur til andsvars tekur til allra fjölmiðla og bæði einstaklingar og lögaðilar geta nýtt sér hann. Synjun á réttinum er undantekning frá meginreglunni um andsvarsrétt og ber því að túlka þröngt, í samræmi við hefðbundin lögskýringarsjónarmið. Þetta kemur m.a. fram í skýringum við ákvæði 36. gr. í greinargerð sem fylgdi frumvarpi til laga um fjölmiðla. Á hinn bóginn er ljóst að rétturinn er háður því að viðkomandi eigi sjálfur lögvarinna hagsmuna að gæta. Þá leiðir af a- og b-lið ákvæðisins að fjölmiðlaveitu er heimilt að hafna beiðni um andsvar fari andsvarið yfir þau mörk í tíma eða lengd sem talin eru nauðsynleg til að leiðrétta staðreyndir málsins sem og ef í því felst annað og/eða meira en slík leiðrétting. Eins og fram kemur í athugasemdum við 36. gr. í frumvarpi því sem varð að lögum um fjölmiðla eru með þessu tekin af öll tvímæli um að andsvarsréttur taki einungis til leiðréttinga á staðreyndum. Því er ekki um það að ræða að aðilar geti á grundvelli hans eignast rétt til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri að öðru leyti.

Ákvæði 36. gr. laga um fjölmiðla er reist á 23. gr. þágildandi hljóð- og myndmiðlunartilskipunar 2007/65/EB, sem fjallar um rétt einstaklinga og lögaðila til andsvara í sjónvarpsútsendingum, en samsvarandi ákvæði er nú að finna í 28. gr. í hljóð- og myndmiðlunartilskipun 2010/13/ESB, sem síðast var breytt með tilskipun 2018/1808/ESB. Brot gegn 1. og 4. mgr. 36. gr. geta varðað stjórnvaldssekt, sbr. m-lið 1. mgr. 54. laga um fjölmiðla, auk þess sem Fjölmiðlanefnd er heimilt



## FJÖLMIÐLANEFND

að leggja dagsektir á þann sem vanrækir að verða við ákvörðun nefndarinnar um skyldu til að birta andsvör, sbr. e-lið 1. mgr. 36. gr. Þá er Fjölmiðlanefnd heimilt að ljúka málsmeðferð með birtingu álits eða ákvörðunar, sbr. 5. mgr. 54. gr. laganna.

Fjölmiðlaveitur bera ábyrgð á greiðslu stjórnvaldssekta vegna brota gegn ákvæðum laga um fjölmiðla, sbr. 1. mgr. 54. gr. laganna.

### III. Niðurstaða Fjölmiðlanefndar

Réttur til andsvara samkvæmt 36. gr. laga um fjölmiðla lýtur líkt og fyrr greinir að því að leiðrétta staðreyndir þegar aðili telur að lögmætir hagsmunir sínir, einkum æra eða orðspor, hafi beðið tjón af því að rangt hafi verið farið með staðreyndir í fjölmiðli. Að baki ákvæðinu búa þau grunnrök að aðili, sem fjallað er um í fjölmiðli, fái komið að sjónarmiðum sínum og eigi rétt til andsvara telji hann að á honum hafi verið brotið með því að rangt hafi verið farið með staðreyndir í fjölmiðli. Eins og ráða má af ákvæðinu lýtur rétturinn að því að koma andsvörum á framfæri eftir að efni hefur verið miðlað í fjölmiðli en ekki áður en því er miðlað. Við matið kann þó að hafa þýðingu hvort viðkomandi hafi verið gefinn kostur á að koma athugasemdum á framfæri við fjölmiðil áður en efni var miðlað, enda hefur markmiði andvarsréttarins þá í reynd verið mætt, a.m.k. að einhverju leyti.

Auk framangreinds er ljóst af því sem rakið er í II. kafla hér á undan að réttur til andsvara lýtur ekki að því að koma sjónarmiðum að með almennum hætti. Fjölmiðlaveitu er þannig heimilt að synja beiðni um andsvar fari andsvárið yfir þau mörk í tíma eða lengd sem talin eru nauðsynleg til að leiðrétta staðreyndir málsins, sem og ef í andsvarinu felst annað og/eða meira en slík leiðrétting.

Líkt og áður greinir hefur kvartandi farið fram á að koma að andsvörum við nánar tiltekin ummæli í umfjöllun á vef Mannlífs sem birtist 18. febrúar 2022. Umfjöllunin er unnin upp úr frétt sem birtist á miðlinum Fréttin.is þann 7. febrúar 2022 undir fyrirsögninni „Lögmansstofan Valdimarsson hótar málssókn vegna myndbirtingar á facebook“ en í henni má m.a. finna skjáskot af stöðufærslum og athugasemdum einstaklinga á Facebook og afrit af kröfubréfi Lögmansstofunnar Valdimarsson til einstaklings vegna myndbirtingar af kvartanda á Facebook.

Að því er varðar athugasemdir í kvörtunarlið 1.1. varðandi þau ummæli í umfjöllun Mannlífs að „Ómar léti skjólstæðinga sína greiða undir borðið til að sleppa við skatt“ kemur fram í umfjölluninni að um sé að ræða ummæli Margrétar Friðriksdóttur hjá miðlinum Fréttin.is. Er



## FJÖLMIÐLANEFND

sérstaklega áréttað í umfjöllun Mannlífs að „ekki séu sannanir komnar fram um það atriði“ og því ekki um að ræða staðhæfingu um staðreynd. Að mati Fjölmiðlanefndar var því tekið tillit til þess sem fram kemur í athugasemdum kvartanda í kvörtunarlið 1.1. að hann hafni því að hafa mótttekið greiðslur skjólstæðinga fram hjá innheimtakerfi Lögmannsstofunnar Valdimarsson. Með því að setja fyrrgreindan fyrirvara við umfjöllun Mannlífs telur Fjölmiðlanefnd að lágmarkskröfur um rétt til andsvara geti talist uppfylltar. Auk þess er umfjöllun Mannlífs birt í flokknum „Orðrómur“ en ekki „Fréttir“ sem gefur lesendum til kynna að taka beri efni umfjöllunarinnar með ákveðnum fyrirvara. Í ljósi framangreinds verður Mannlífi ekki gert að birta andsvar það sem tilgreint er í kvörtunarlið 1.1.

Varðandi þær athugasemdir sem gerðar eru af hálfu kvartanda í kvörtunarlið 1.2., vegna þeirra ummæla í umfjöllun Mannlífs að kvartandi hafi „[hótað] að stefna öðrum netverja, sem birti af honum mynd í skikkju, en stóð ekki við þá hótun sína“ hefur kvartandi að mati Fjölmiðlanefndar ekki fært fullnægjandi rök fyrir því að um ótvíræða staðreyndavillu sé að ræða sem þurfi að leiðrétta. Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum verður ekki betur séð en að Lögmannsstofan Valdimarsson hafi sent kröfubréf f.h. kvartanda á „netverja“ þar sem áskilinn var sá réttur að stefna viðkomandi fyrir dómi ef hann annað hvort fjarlægði ekki mynd af kvartanda á Facebook eða greiddi skaðabætur að fjárhæð 100 kr. til hjálparsamtaka. Að mati Fjölmiðlanefndar er það ekki alfarið röng fyllyrðing að kvartandi hafi „[hótað] að stefna öðrum netverja“ fyrir dómi og að kvartandi hafi ekki „[staðið] við þá hótun sína“. Þar sem orðið var við fyrrgreindri kröfu varð ekkert úr stefnu fyrir dómi. Í ljósi framangreinds verður Mannlífi ekki gert að birta andsvar það sem tilgreint er í kvörtunarlið 1.2.

Að lokum gerir kvartandi athugasemdir í kvörtunarlið 1.3. við þau ummæli í umfjöllun Mannlífs að „Ómar [sé] opinberlega með hreinan skjöld fyrir utan það að hann hefur fengið ákúrus síðanefndar lögmannna fyrir að ofrukka veikan skjólstæðing sinn ...“. Telur Fjölmiðlanefnd að athugasemdir kvartanda feli ekki í sér leiðréttingu á ótvíræðum staðreyndavillum. Verður að mati nefndarinnar ekki annað séð en að umrædd fyllyrðing eigi sér nokkra stoð í úrskurði úrskurðarnefndar lögmannna sem kveðinn var upp 28. febrúar 2018 þar sem kvartandi sætti áminningu. Í ljósi þess verður Mannlífi ekki gert að birta andsvar það sem tilgreint er í kvörtunarlið 1.3.

Eins og fyrr greinir kemur fram í athugasemdum við a- og b-lið 2. mgr. 36. gr. í frumvarpi því sem varð að lögum um fjölmiðla að andvarsréttur taki einungis til leiðréttinga á staðreyndum. Ekki er því um það að ræða að aðilar geti á grundvelli hans eignast rétt til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri að öðru leyti. Ef slíkar beiðnir væru teknar til greina hefði það að mati Fjölmiðlanefndar



## FJÖLMIÐLANEFND

Í för með sér hættu á að réttur til andsvara yrði misnotaður á þann hátt að aðilum sem sættu umfjöllun fjölmiðils væri í lófa lagið að kalla eftir viðbótarumfjöllun á grundvelli 36. gr. og koma þannig að öðrum athugasemdum frá sinni hlið. Slíkt hefði veruleg íþyngjandi áhrif á starfsemi fjölmiðla og færi gegn forsendu ákvæðisins. Er í því sambandi vísað til þess sem áður greinir um að rétti til andsvara sé einungis ætlað að tryggja að aðili fái leiðréttar rangar staðreyndir. Rétt er þó að taka fram að það breytir ekki þeirri grundvallarreglu að fjölmiðlar leiti ólíkra sjónarmiða við umfjöllun sína og gefi þeim sem hallað er á í umfjöllun kost á að koma að sínum sjónarmiðum.

Af öllu framangreindu leiðir að lágmarkskröfur um andsvör teljast uppfylltar af hálfu Sólartúns hvað varðar athugasemdir kvartanda sem settar eru fram í kvörtunarlið 1.1. með þeim fyrirvara sem settur er við umfjöllun Mannlífs. Varðandi athugasemdir kvartanda í kvörtunarliðum 1.2. og 1.3. felur krafa hans í sér annað en að leiðréttu staðreyndir þar sem ekki er um ótvíræðar staðreyndavillur að ræða að mati Fjölmiðlanefndar. Verður Sólartúni því ekki gert að birta andsvör þau sem tilgreind eru í kvörtun.

### IV. Ákvörðunarorð

**Sólartúni ehf. verður ekki gert að birta andsvör kvartanda, Ómars R. Valdimarssonar, samkvæmt kvörtun vegna umfjöllunar um hann á vef Mannlífs þann 18. febrúar 2022.**

Einar Hugí Bjarnason

María Rún Bjarnadóttir

Erla Skúladóttir

Róbert H. Haraldsson